

www.pwc.is

Kjósarhreppur

Endurskoðunarskýrsla með
ársreikningi 2015

Sveitarstjórn Kjósarhrepps **bt. Guðnýjar G. Ívarsdóttur, sveitarstjóri**

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Kjósarhrepps fyrir árið 2015.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sveitafélagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í reikningsskilunum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð reikningsskilanna og mat á framsetningu þeirra í heild.

Í skýrslu þessari fjöllum við almennt um störf okkar við endurskoðun ársreikningsins og niðurstöður hennar. Jafnframt gerum við grein fyrir helstu niðurstöðum ársreikningsins. Skýrslan er einungis ætluð sveitarstjórn og sveitarstjóra og er ekki hluti af áritun okkar á ársreikninginn.

Endurskoðunin gaf ekki tilefni til athugasemda af okkar hálfu sem gera þarf grein fyrir í áritun okkar á ársreikninginn. Ef sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn í fyrirbyggjandi mynd og við afgreiðslu og samþykkt sveitarstjórnar koma ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á framsetningu ársreikningsins og/eða niðurstöður hans, munum við árita ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Til upplýsinga þá eru í viðauka aftan við skýrsluna skilgreiningar á helstu hugtökum sem notuð eru í ársreikningi og skýrslunni.

Endurskoðunarvinna byggist á góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn. Við viljum færa starfsfólki hreppsins sem veitt hafa okkur aðstoð og upplýsingar þakkar fyrir gott samstarf.

Virðingarfyllt,

Reykjavík, 12. maí 2016

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir,

lögiltur endurskoðandi

Efnisyfirlit

PricewaterhouseCoopers ehf.

Skógarhlíð 12

105 Reykjavík

Ísland

S: 550 5300

F: 550 5301

PwC tengiliður:

Arna G. Tryggvadóttir

Löggiltur endurskoðandi/Partner

S: 550 5235/840 5235

F: 550 5301

arna.g.tryggvadottir@is.pwc.com

1. Inngangur
2. Helstu niðurstöður
3. Endurskoðunaraðferðir
4. Áhersluatriði vegna endurskoðunar 2015
5. Samanburður rauntalna og áætlunar 2015
6. Viðauki

Inngangur

1

Inngangur

Með skýrslu þessari viljum við draga fram nokkur atriði sem varða vinnu okkar vegna ársreiknings Kjósarhrepps fyrir árið 2015. Endurskoðun náði til eftirfarandi sjóða hreppsins.

- **A hluta:**
 - Aðalsjóðs
 - Eignasjóðs
- **Samantekinn ársreikning A og B hluta**

Ársreikningur Kjósarveitu ehf., sem er B hluta fyrirtæki, hefur ekki verið endurskoðaður.

Í fyrsta hluta skýrslunnar tókum við saman helstu niðurstöður. Þá er gerð grein fyrir endurskoðunaraðferðum og helstu áhersluatriðum við endurskoðunina jafnframt því sem við bendum á atriði sem að okkar mati mættu betur fara. Helstu frávik á rauntölum samkvæmt ársreikningi og fjárhagsáætlun eru dregin fram og gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum ársreiknings 2015.

Aftast í skýrslunni er að finna viðauka með skilgreiningum á helstu hugtökum sem notuð eru í ársreikningi og skýrslunni.

Helstu niðurstöður

2

Helstu niðurstöður

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Kjósarhrepps fyrir árið 2015. Á grundvelli þeirrar vinnu viljum við draga fram nokkur meginatriði úr niðurstöðum okkar sem við teljum að eigi erindi til forráðamanna hreppsins.

Innra eftirlit hefur þann tilgang að veita hæfilega vissu um að hreppurinn nái eftirtöldum markmiðum um:

- árangur og skilvirkni í starfseminni
- áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar
- fylgni við lög og reglur.

Markmið innra eftirlits er að skilgreina og leggja mat á áhættu og koma á eftirlitsaðgerðum til þess að mæta þeirri áhættu bæði með því að nýta tækifæri sem í áhættu felast og draga úr skaðlegum áhrifum eftir því sem við á. Virkt innra eftirlit byggir meðal annars á aðgreiningu starfa, að viðeigandi verklagsreglur og verkferlar séu til staðar og að eftirlit og eftirfylgni stjórnenda sé fullnægjandi.

Innri eftirlitskerfi sveitarfélagsins uppfylla ekki að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru til slíkra kerfa svo sem varðandi aðskilnað starfa, varðveislu eigna, skráningu, afstemmingar. Til dæmis er æskilegt að störf við bókhald og meðferð fjármuna séu ekki á sömu hendi. Þótt slíkur aðskilnaður sé ekki fortakslaus hjá Kjósarhreppi þá hefur verið brugðist við þeirri kröfu að verulegu leyti. Mikilvægt er að varðveisla bókhaldsgagna og afritunartaka sé með öruggum hætti.

Rekstrarafkoma ársins 2015 varð hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir hjá A hluta en lægri hjá samanteknum A og B hluta. Þannig var rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um 20,4 m.kr. (2014: 9,1 m.kr.) eða 3,3 m.kr. hærri en niðurstaða fjárhagsáætlunar sem gert hafði ráð fyrir rekstrarafgangi upp á 17,1 m.kr. Rekstrarafgangur samkvæmt samanteknum A og B hluta varð 15,3 m.kr. (2014: 9,1 m.kr.) en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir rekstrarafgangi að fjárhæð kr. 17,1 millj. kr.

Rétt er að benda á að óbein niðurfærsla útistandandi tekna í árslok 2015 var hækkuð á árinu úr 28,1 m.kr. í árslok 2014 í 29,4 m.kr. í árslok 2015. Hækkun niðurfærslunnar, samtals 1,3 m.kr., er færð til lækkunar á skatttekjum 1,2 m.kr., til lækkunar á vaxtatekjum meðal fjármagnsliða 0,4 m.kr. og til lækkunar á fasteignagjöldum 0,3 m.kr. Það er mat okkar að með þessari niðurfærslu sé dregið verulega úr líkum á því að um ofmat útistandandi tekna sé að ræða í efnahagsreikningi í árslok 2015.

Þá er rétt að hafa í huga að kostnaður við hitaveitufuramkvæmdir á árinu var allur eignfærður eins og áður og engin afskrift færð. Bókfærður viðbótarstofnkostnaður á árinu vegna þessa nam tæpum 14,3 m.kr. og er heildareignfærsla í árslok 2015 133,1 m.kr. Réttmæti þess að eignfæra þennan kostnað byggist á því að árangur verði af verkefninu.

Helstu niðurstöður

Ytri áhætta. Ein helsta ytri áhætta hjá sveitarfélögum í dreifbýli Íslands hefur á undanförunum árum verið fólksfækkun með tilheyrandi lækkun á skatttekjum. Vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið má telja líklegt að slík hætta steðji síður að Kjósarhreppi en ýmsum öðrum sveitarfélögum í dreifbýli landsins en íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað á síðustu árum. Fjölgaði íbúum um 1 á árinu 2015 (2014: fækkun 3, 2013: fjölgun 15) eða um 0,5%. Ljóst er að breyting á íbúafjölda hefur áhrif á rekstur hreppsins.

Eins og fram kemur í áritun okkar á ársreikning Kjósarhrepps er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Kjósarhrepps á árinu 2015, efnahag hans í árslok 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015.

Endurskoðunaraðferðir

3

Endurskoðunaraðferðir

Eins og áður er tilgangur endurskoðunarinnar gefa álit á þeim fjárhagsupplýsingum sem settar eru fram í ársreikningi sveitarfélagsins. Endurskoðun okkar var hagað í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Grundvallaratriði í endurskoðun er þekking á starfsemi viðskiptavinarins, þeirri viðskiptaáhættu sem í starfseminni er fólgin og þeim eftirlitsaðferðum sem notaðar eru til að draga úr áhættunni. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir þessum atriðum, ekki aðeins fyrir framgang endurskoðunarinnar, heldur einnig til að geta greint frá og bent á atriði sem betur mættu fara í starfseminni.

Ársreikningur Kjósarhrepps fyrir árið 2015 hefur að geyma A hluta starfsemi hreppsins og samantekinn A og B hluta hreppsins. Í byrjun árs 2015 stofnaði sveitarfélagið einkahlutafélag, Kjósarveitur ehf., utan um framkvæmdir og rekstur hitaveitu í Kjósarhreppi. Engar tekjur var um að ræða hjá Kjósarveitum ehf. á árinu 2015 og er því um sömu rekstrartekjur að ræða í A hluta og samanteknum rekstrarreikningi sveitarfélagsins fyrir A og B hluta.

Endurskoðunin náði meðal annars til eftirfarandi þátta:

- Að ganga úr skugga um að álagðir skattar og aðrar tekjur ásamt gjöldum hreppsins komi réttilega fram í ársreikningi og séu í eðlilegu samræmi við eigna- og skuldaliði.
- Að sannreyna að eignir hreppsins séu til staðar og hæfilega metnar.
- Að sannreyna að allar skuldir og skuldbindingar hreppsins komi fram í ársreikningi og ganga úr skugga um að þær séu metnar í samræmi við viðurkenndar reikningshaldsreglur.
- Að greina ýmsa liði í ársreikningi og bera saman við fjárhæðir fyrri ára.
- Að kanna lotun reikningsliða og skoða framsetningu þeirra í ársreikningi.
- Að tryggja að form ársreiknings og efnisinnihald sé í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktu um meðferð fjármuna og viðteknar reikningsskilavenjur.

Þar sem endurskoðunin byggist á úrtakskönnunum og öðrum aðferðum sem í eðli sínu eru takmarkaðar, er óhjákvæmilega hætta á að einhverjir mikilvægir eða verulegir annmarkar komi ekki í ljós við endurskoðun.

Endurskoðunaraðferðir

Ábyrgð stjórnenda

Við viljum benda á að ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sveitarfélagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við starfsskyldur þeirra. Þetta felur í sér að allar upplýsingar sem þeim eru kunnar og skipta máli komi fram, að bókhald sé fært eftir viðteknum reglum, að innra eftirlit sé í fullnægjandi horfi og að nægjanlegt eftirlit sé með eignum hreppsins. Í samræmi við góða endurskoðunarvenju munu stjórnendur hreppsins undirrita sérstaka yfirlýsingu þar sem þeir staðfesta ábyrgð sína í þessum efnum.

Í samræmi við 103. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 er stjórnendum skylt að koma á framfæri við okkur þeim upplýsingum og gögnum sem þeir telja að hafi þýðingu vegna endurskoðunarinnar og veita okkur þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem við teljum nauðsynlega.

Í 65. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að sveitarstjórn skuli gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Sveitarfélögum er óheimilt að fjárfesta í hagnaðarskyni nema um sé að ræða verkefni sem þeim hefur með lögum verið falið eða heimilað að sinna. Þó er sveitarfélögum heimilt að taka þátt í verkefnum í ljósi brýnna samfélagslegra hagsmuna en þó þannig að áhætta vegna þátttöku í þeim gangi ekki gegn ábyrgri meðferð fjármuna.

Áhersluatriði vegna endurskoðunar 2015

4

Áhersluatriði vegna endurskoðunar 2015

Við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2015 var ákveðið að leggja áherslu á tiltekin atriði sem gerð verður grein fyrir hér á eftir. Jafnframt vekjum við athygli á nokkrum þáttum sem við teljum að kalli á úrbætur.

Tilvist eigna og skulda

Endurskoðun okkar á efnahagsreikningi fól meðal annars í sér eftirfarandi:

- Afstemmingar bankareikninga voru yfirfarnar.
- Tekjufærsla skatttekna var könnuð og eftirstöðvar staðfestar með samanburði við yfirlit frá Fjársýslu ríkisins. Niðurfærsla skatttekna var skoðuð og lagt mat á hana.
- Aðrar skammtímakröfur voru yfirfarnar.
- Skammtímaskuldir voru kannaðar og hreyfingar lánardrottna yfirfarnar.
- Fastafjármunir voru skoðaðir með tilliti til eignfærslu og afskrifta.
- Eignarhlutir í félögum voru yfirfarnir.
- Langtímalán voru skoðuð.

Innheimta útistandandi krafna

Mikilvægt er að sveitarstjórn fylgi stöðugt eftir innheimtu útistandandi tekna og sjái til þess að gripið sé nægilega tímanlega til viðeigandi ráðstafana til að tryggja greiðslu einstakra krafna. Sérstaklega þarf að fylgjast vel með útistandandi fasteignagjöldum en þau eru tryggð með lögveði í viðkomandi fasteignum. Óbein niðurfærsla varðandi fasteignagjöld var minnkuð á árinu eða úr 4,9 m.kr. í árslok 2014 í 4,5 m.kr. í árslok 2015.

Áhersluatriði vegna endurskoðunar 2015

Innra eftirlit

Við höfum áður bent á ýmis atriði sem að okkar mati eru mikilvæg til að tryggja áreiðanleika þeirra fjárhagsupplýsinga sem eiga að skila sér í ársreikning sveitarfélagsins. Í því sambandi viljum við undirstrika eftirfarandi:

- **Afstemmingar** þurfa að vera í föstum skorðum og þær þarf að gera með reglulegum hætti.
- **Efnahagsliði** þarf að stemma af reglulega og því er mikilvægt að renna yfir stöðu þeirra í bókhaldi öðru hverju. Ef mismunir koma í ljós við afstemmingar þarf að finna út úr þeim og gera viðeigandi færslur.
- **Yfirferð** og uppfletting hreyfingalista fjárhagsbókhalds með reglulegum hætti er mikilvæg svo hugsanlegar leiðréttingar skili sér tímanlega inn í bókhald og tryggi þannig betur áreiðanleika þess á hverjum tíma.
- **Bóka** ætti alla reikninga í beinu framhaldi af samþykkt þeirra þótt greiðsla fari fram síðar og gæta þess að reikningar séu gjaldfærðir á rétt tímabil. Þannig sýnir bókhaldið réttari stöðu. Reikningar sem eru án greiðsluseðla sjást þá strax sem skuld í bókhaldi.

Þann 14. apríl 2016 var unnið minnisblað fyrir sveitarstjórn Kjósarhrepps vegna bókhalds- og afstemmingarvinnu Kjósarhrepp árið 2015. Gert hafði verið ráð fyrir að bókhald yrði afhent til PwC afstemmdu fyrir endurskoðun. En þegar uppgjörs- og endurskoðunarvinna hófst kom í ljós að afstemmingum var í verulegum atriðum áfátt. Við hvetjum sveitarstjórn til að koma þessu í betra horf og hafa ofangreinda punkta að leiðarljósi ásamt framangreindu minnisblaði.

Fylgiskjalaskoðun

Úrtakskannanir á fylgiskjölum voru gerðar með það í huga að kanna hvort fjárhæðir skiluðu sér á rétta bókhaldslykla, hvort fært væri á rétt tímabil, hvort samþykkt reikninga væri í lagi og hvort reikningar uppfylltu skilyrði laga. Niðurstaðan var sú að í svo til undantekningarlaust voru þessi atriði í lagi og reikningar uppáskrifaðir af þar til bærum aðilum.

Áhersluatriði vegna endurskoðunar 2015

Önnur atriði

- Æskilegt er að hreppsnefnd sjái til þess að settar verði skriflegar reglur fyrir starfsmenn hreppsins þar sem lýst er viðeigandi verklagi við vinnslu bókhalds og tímamörk tilgreind.
- Brugðist hefur verið við þeirri athugasemd okkar að hreppurinn haldi formlega eignaskrá eins og sveitarfélögum er uppálagt. Sú eignaskrá mætti þó vera ítarlegri.

Áhersluatriði vegna endurskoðunar 2015

Önnur atriði

Fjárhagsstaða sveitarfélagsins

a) Heildarskuldir og skuldbindingar

Samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi sveitarfélagsins, A og B hluta, í árslok 2015, nema heildarskuldir og skuldbindingar 42,7 m.kr. og hafa lækkað um 2,5 m.kr. frá árslokum 2014.

b) Skuldaviðmið

Samkvæmt gildandi reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga þá skal tryggja að sveitarfélög séu fjárhagslega sjálfbær. Til að ná því markmiði mega heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum samkvæmt reikningsaðferðum sem lýst er í reglugerðinni. Skuldaviðmið A og B hluta Kjósarhrepps í árslok 2015 er 37% en var 43% í lok árs 2014.

c) Veltufjárhlutfall

Veltufjárhlutfall A og B hluta í árslok 2014 var 1,83 en hefur lækkað í 1,41 í árslok 2015. Veltufjárhlutfall A hluta í árslok 2014 var 1,83 en er 2,56 í lok árs 2015. Veltufjárhlutfall reiknast sem hlutfall veltufjármuna og skammtímaskulda og sýnir sú kennitala hversu líklegt er að sveitarfélagið getur staðið straum af skuldum sínum á næstu tólf mánuðum. Almennt þykir eðlilegt að gera kröfu til þess að hlutfall þetta sé ekki lægra en 1,0.

d) Eiginfjárhlutfall

Eiginfjárhlutfall A og B hluta er 74% í árslok 2015 og er sambærilegt við fyrra ár.

Áhersluatriði vegna endurskoðunar 2015

Önnur atriði

Fjárhagsstaða sveitarfélagsins, frh.

Eftir lok reikningsskiladags var samþykkt í hreppsnefnd að lóð ásamt hitaveituframkvæmdum yrði færð yfir í Kjósarveitur ehf. og að Kjósarhreppur ábyrgist allt að 80 m.kr. lán sem Kjósarveitur ehf. hyggjast nota til að fjármagna lagningu hitaveitu um sveitarfélagið á árunum 2016 og 2017. Því til viðbótar er 400 m.kr. fjármögnun fyrirhuguð hjá Kjósarveitum ehf.

Í framhaldi samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps að skrifa sig fyrir allri hlutfjárhækkun Kjósarveitna ehf. að fjárhæð 167,5 m.kr. sem greiðsla fyrir hækkuninni kæmi verðmæti fasteignarinnar og hitaveitu Möðruvellir sem metin er á 35 m.kr., með skuldajöfnuð við Kjósarveitur ehf. að fjárhæð 11,7 m.kr. og framsals á öllum eignfærðum verðmætum vegna hitaveituframkvæmda í ársreikningi Kjósarhrepps að fjárhæð 120,8 m.kr.

Ljóst er að þessar samþykktir munu breyta ýmsum stærðum í ársreikningi Kjósarhrepps fyrir næstu árin. Stærsta breytingin verður að öllum líkindum hærri langtímaskuldir í samanteknum reikningsskilum A og B hluta sem hefur áhrif á skuldaviðmið sveitarfélagsins.

Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 kemur fram að sveitarstjórn beri að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Þessari skyldu skal sveitarstjórn fullnægja meðal annars með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Miðað við þessa reiknireglu laganna er ljóst að skuldahlutfall samantekinna reikningsskila A og B hluta samkvæmt ársreikningi næstu ára fer langt umfram tilskilin viðmiðunarmörk en skuldahlutfall í árslok 2015 er 48%. Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga skilgreinir ráðherra nánar í reglugerð þau viðmið sem lögð eru til grundvallar. Samkvæmt reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga skal undanskilja reikningsskil veitu- og/eða orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum ef heildarskuldir og skuldbindingar viðkomandi veitu- og/eða orkufyrirtækis eru umfram 30% af heildarskuldum samstæðunnar. Ef reikningsskil Kjósarveitna ehf. verða undanskilin fellur Kjósarhreppur að öllum líkindum vel innan ofangreindra marka.

Samanburður rauntalna og áætlunar 2015

5

Samanburður rauntalna og áætlunar 2015

Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan sést að skatttekjur urðu hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 4,3 m.kr. sem er um 2,8% frávik frá áætlun.

Laun og tengd gjöld reyndust um 4,2 millj. kr. hærri en áætlun sem er um 13,2% frávik frá áætlun.

Annar rekstrarkostnaður var 3 m.kr., eða 2,6% hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Af einstökum málaflokkum eru það fræðslu- og uppeldismál, menningarmál og sameiginlegur kostnaður sem fara hver 3,5 m.kr. fram úr áætlun.

Samantekinn A og B hluti:

(í þús.kr.)	Ársreikningur	Fjárhagsáætlun	Frávik	Frávik í %
Tekjur:				
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður	154.254	150.000	4.254	2,8%
Aðrar tekjur	18.973	18.819	154	0,8%
	173.227	168.819	4.408	2,6%
Gjöld:				
Laun og launatengd gjöld	36.007	31.818	4.189	13,2%
Annar rekstrarkostnaður	118.522	115.561	2.961	2,6%
Afskriftir	2.167	2.400	(233)	-9,7%
	156.696	149.779	6.917	4,6%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	16.531	19.040	(2.509)	-13,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.229)	(1.940)	711	-36,6%
Rekstrarniðurstaða	15.302	17.100	(1.798)	

Í töflunni á næstu síðu má sjá nánari sundurliðun á frávikum einstakra málaflokka.

Samanburður rauntalna og áætlunar 2015

Málaflokkar - samanburður við fjárhagsáætlun 2015

(í þús.kr.)	Ársreikn. 2015	Fjárhags- áætlun	Frávik	Frávik í %
Aðalsjóður:				
Skatttekjur/Jöfnunarsjóður	154.467	150.000	4.467	3%
Félagsþjónusta	(10.902)	(8.900)	(2.002)	22%
Fræðslu- og uppeldismál	(59.001)	(55.504)	(3.497)	6%
Menningarmál	(11.013)	(7.480)	(3.533)	47%
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.084)	(1.531)	447	-29%
Brunamál og almannavarnir	(1.119)	(1.057)	(62)	6%
Hreinlætis- og heilbrigðismál	(6.810)	(6.758)	(52)	1%
Skipulags- og byggingarmál	(3.882)	(5.513)	1.631	-30%
Umferðar- og samgöngumál	(4.975)	(3.446)	(1.529)	44%
Umhverfismál	(2.427)	(3.688)	1.261	-34%
Atvinnumál	(1.304)	(1.535)	231	-15%
Framlög til reksturs Hitaveitu	(295)	(2.450)	2.155	-88%
Sameiginlegur kostnaður	(31.500)	(28.000)	(3.500)	13%
Fjármagnsliðir	16.286	(1.940)	18.226	-940%
Aðalsjóður	36.443	22.198	14.245	64%
Eignasjóður	(16.035)	(5.098)	(10.937)	215%
Eignasjóður	(16.035)	(5.098)	(10.937)	215%
A hluti samtals				
	20.408	17.100	3.308	19%
B hluta fyrirtæki:				
Kjósarveitur ehf.	(5.105)	0	(5.105)	e/v
Samtals B hluti:	(5.105)	0	(5.105)	e/v
A og B hluti samtals				
	15.302	17.100	(1.798)	-11%


Samanburður rauntalna og áætlunar 2015

Ársreikningur Aðalsjóðs 2015

Þegar litið er á rekstur Aðalsjóðs Kjósarhrepps 2015 viljum við vekja athygli á nokkrum þáttum.

- 1. Rekstrargjöld Aðalsjóðs**, að frádregnum sértekjum án fjármagnsliða námu 134,6 m.kr. á árinu 2015 (2014: 122,7 m.kr.). Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum námu 87,1% á árinu 2015 (2014: 91,6%).
- 2. Rekstur málaflokka**, án fjármagnsliða tók til sín 150,6 m.kr. á árinu 2015 (2014: 137,6). Myndin hér að neðan sýnir hvað helstu málaflokkar tóku til sín sem hlutfall af heildarútgjöldum.

Aðalsjóður - skipting rekstrargjalda (að frádregnum sértekjum) á málaflokka



Samanburður rauntalna og áætlunar 2015

Ársreikningur A hluta 2015

Varðandi fyrirbyggjandi ársreikning fyrir A hluta Kjósarhrepps (þ.e. Aðalsjóð og Eignasjóð) fyrir árið 2015 viljum við benda á nokkur atriði:

- 3. Skatttekjur** sveitarsjóðs hækkuðu um 15,7% á milli áranna 2014 og 2015. Á árinu 2015 námu skatttekjur 154,3 m.kr. að meðtöldum framlögum úr Jöfnunarsjóði (2014: 133,4 m.kr.). Skatttekjur, án jöfnunarsjóðs, á hvern íbúa hækka um 14,6% á milli ára, eða úr 562 þús.kr. á árinu 2014 í 644 þús.kr. á árinu 2015. Almennar launahækkningar hafa hækkað útsvarsstofn í staðgreiðslu.
- 4. Rekstur A-hluta**, án fjármagnsliða, tók á síðastliðnu ári til sín 87,61% af rekstrartekjum (92,4% á árinu 2014).
- 5. Hreint veltufé** sveitarsjóðs, hækkaði úr 16 m.kr. í árslok 2014 í 33,8 m.kr. í árslok 2015.
- 6. Handbært fé** sveitarsjóðs hækkaði á árinu úr 18 m.kr. í 35,8 m.kr.
- 7. Veltufjárhlutfall** sveitarsjóðs hækkaði milli ára í 2,6 úr 1,8. Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi 2015 nam veltufé frá rekstri 23,5 m.kr. (2014: 11,6).
- 8. Heildarskuldir** lækkuðu um 0,1 m.kr. á milli ára, eða úr 64,5 m.kr. í 64,4 m.kr. m.v. árslok 2015.
- 9. Eiginfjárstaða** sveitarsjóðs styrktist á árinu sem nam rekstrarafgangi ársins. Eigið fé nam 245,4 m.kr. í árslok 2015 (2014: 225 m.kr.). Eiginfjárhlutfall hækkaði á árinu úr 78% í 79%.

Samanburður rauntalna og áætlunar 2015

Ársreikningur A og B hluta 2015

Varðandi fyrirleggjandi ársreikning fyrir A og B hluta Kjósarhrepps (þ.e. Aðalsjóð, Eignasjóð og Kjósarveitur) fyrir árið 2015 viljum við benda á nokkur atriði:

- Skatttekjur** sveitarsjóðs hækkuðu um 15,7% á milli áranna 2014 og 2015. Á árinu 2015 námu skatttekjur 154,3 m.kr. að meðtöldum framlögum úr Jöfnunarsjóði (2014: 133,4 m.kr.). Skatttekjur, án jöfnunarsjóðs, á hvern íbúa hækka um 14,6% á milli ára, eða úr 562 þús.kr. á árinu 2014 í 644 þús.kr. á árinu 2015. Almennar launahækkningar hafa hækkað útsvarsstofn í staðgreiðslu.
- Rekstur A og B hluta**, án fjármagnsliða, tók á síðastliðnu ári til sín 90,5% af rekstrartekjum (92,4% á árinu 2014).
- Hreint veltufé** A og B hluta, hækkaði úr 16 m.kr. í árslok 2014 í 16,7 m.kr. í árslok 2015.
- Handbært fé** A og B hluta hækkaði á árinu úr 18 m.kr. í 35,8 m.kr.
- Veltufjárhlutfall** A og B hluta lækkaði milli ára í 1,4 úr 1,8. Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi 2015 nam veltufé frá rekstri 18,4 m.kr. (2014: 11,6).
- Heildarskuldir** hækkuðu um 18,6 m.kr. á milli ára, eða úr 64,5 m.kr. í 83,1 m.kr. m.v. árslok 2015.
- Eiginfjárstaða** A og B hluta styrktist á árinu sem nam rekstrarafgangi ársins. Eigið fé nam 240,3 m.kr. í árslok 2015 (2014: 225 m.kr.). Eiginfjárhlutfall lækkaði á árinu úr 78% í 74%.
- Fimm ára yfirlit** um rekstur og efnahag fylgir hér á næstu síðu.

Samanburður rauntalna og áætlunar 2015

Samantekt úr ársreikningum A og B hluta 2005 - 2015

(í þús.kr.)	2015*	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstur											
Rekstrartekjur	173.227	151.290	141.551	131.982	122.434	105.436	101.808	106.466	112.692	74.803	60.692
Rekstrargjöld	154.529	137.528	128.210	117.143	102.015	93.141	92.476	87.944	78.025	62.686	51.780
Hagnaður (tap) f. afskriftir	18.698	13.762	13.341	14.839	20.419	12.295	9.332	18.522	34.667	12.117	8.912
Afskriftir	2.167	2.228	2.304	1.853	1.973	1.589	2.728	1.783	1.783	1.632	1.633
Hagnaður (tap) f. fjármagnsliði	16.531	11.534	11.037	12.986	18.446	10.706	6.604	16.739	32.884	10.485	7.279
Fjármagnsliðir	(1.229)	(2.466)	1.536	4.281	4.874	4.092	10.780	13.683	4.899	1.206	176
Rekstrarniðurstaða ársins	15.302	9.068	12.573	17.267	23.320	14.798	17.384	30.423	37.783	11.691	7.455
Efnahagur											
Fastafjármunir	266.361	254.254	187.711	104.179	76.187	65.165	63.471	53.628	43.079	30.676	32.308
Veltufjármunir	57.058	35.269	33.661	113.384	128.500	113.007	88.651	97.099	82.787	39.405	26.797
Eignir samtals	323.419	289.524	221.372	217.563	204.688	178.173	152.122	150.727	125.866	70.081	59.105
Eigið fé	240.311	225.009	215.941	203.368	186.101	162.781	147.982	130.598	100.175	53.322	41.631
Langtímaskuldir	42.731	45.247	0	0	0	0	0	2.375	2.551	4.346	5.873
Skammtímaskuldir	40.377	19.267	5.431	14.195	18.587	15.392	4.140	17.754	23.140	12.413	11.601
Eigið fé og skuldir samtals	323.419	289.524	221.372	217.563	204.688	178.173	152.122	150.727	125.866	70.081	59.105
Sjóðstreymi											
Veltufé frá rekstri	18.422	11.561	14.877	19.120	25.293	16.387	20.345	32.744	39.858	13.797	9.426

* Ársreikningur Kjó sarveitu ehf., sem er B hluta fyrirtæki kemur fyrst inn á árinu 2015.

Eins og þarna kemur fram hefur afkoma sveitarfélagsins verið nánast jákvæð öll þessi ár. Sama á við um veltufé frá rekstri. Eigið fé hefur á þessu árabili um það bil sexfaldast.

Viðauki

6

Viðauki

Hugtök

Hér eru útskýrð nokkur hugtök sem notuð eru í skýrslunni:

- **Peningalegar eignir:** eru veltufjármunir að viðbættum langtímakröfum.
- **Veltufjármunir:** eru þær eignir sem talið er að muni skila sér sem innborganir innan 12 mánaða frá uppgjörstegi. Hér er því um að ræða þær eignir sem sveitarfélagið hefur til ráðstöfunar á næsta ári til greiðslu skulda eða annarrar ráðstöfunar.
- **Langtímakröfur:** eru þær kröfur sem talið er að muni skila sér sem innborganir eftir meira en 12 mánuði. Að öllu óbreyttu nýtast þessar eignir því ekki á næsta ári til greiðslu skulda eða annarrar ráðstöfunar.
- **Peningaleg staða:** eru peningalegar eignir að frádregnum heildarskuldum. Peningaleg staða sem hlutfall af tekjum þykir einna besti mælikvarði á fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Ef peningaleg staða er orðin neikvæð, er einnig verið að tala um hreinar skuldir eða nettóskuldir.
- **Skammtímaskuldir:** eru skuldbindingar sem gjaldfalla innan 12 mánaða.
- **Langtímaskuldir:** eru þær skuldir sem gjaldfalla eftir lengri tíma en 12 mánuði.
- **Heildarskuldir:** eru skammtímaskuldir að viðbættum langtímaskuldum.
- **Hreint veltufé:** er veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum.
- **Veltufjárhlutfall:** er hlutfallið milli veltufjármuna og skammtímaskulda. Því er ætlað að gefa vísbendingu um greiðslustöðu. Æskilegt er að þetta hlutfall sé að jafnaði ekki undir gildinu 1,0.
- **Veltufé frá rekstri:** segir til um hversu mikla fjármuni sveitarfélag hefur til ráðstöfunar, til fjárfestinga og niðurgreiðslu skulda. Þessi kennitala er einn besti mælikvarði á getu fyrirtækis til að standa við skuldbindingar sínar.